

Stjórnarfundur FASK

15. fundur 07. Apríl 2022 kl 10:00

**Mættir: Haukur Ingi Einarsson, Laufey Guðmundsdóttir, Ágúst Elvarsson,
Bergþóra Ágústsdóttir og Sigrún Sigurgeirsdóttir**

Dagskrá: 15. Fundar 7. Apríl 2022 kl 10:00

1. Félagsfundur í aðdraganda að sveitarstjórnarkosninga 2022:

Rætt var um að halda opinn fund um ferðamál með þeim framboðum sem bjóða fram til næstu sveitarstjórnarkosninga. Samþykkt að boða fundinn 27. apríl n.k. 17:30 - 18:30 og óska eftir að fá Nýheima til að halda fundinn. Hauki falið að ræða við kosningarstjóra framboðanna, ræða við Ríki Vatnajökuls um samstarf um fundinn og bóka Nýheima. Einnig var rætt um að birta grein í Eystrahorni sem gæti undirbúið umræður fyrir fundinn. Eftirfarandi drög að dagskrá voru lögð fram til kynningar:

Drög að dagskrá

- Mikilvægi ferðaþjónustu fyrir samfélagið A-Skaft - kynning á skýrslu SASS um vægi ferðaþjónustu fyrir SVH
- Framtíðarsýn ferðamála í SVH - Skipulagsmál - Upplýsingamiðstöð – Sýning
- Sveitarfélagið Hornafjörður: miðstöð rannsókna og menntunar á sviði jöklaferðamennsku.

Drög að dagskrá samþykkt samhljóða

2. Undirbúningur Aðalfundar vor 2022

Eftirfarandi var bókað frá síðasta aðalfundi og þarf að útfæra í samræmi við þá bókun.

Rætt var um að breyta þrennu er varðar kosningu á aðalfundi, annarsvegar að óskað verði eftir tillögum í stjórn a.m.k viku fyrir aðalfund og að varamönnum verði fækkað úr þremur í einn. Einnig var rætt um mismun á kosningu endurskoðenda og skoðunarmanna. Þessu þrennu beint til núverandi stjórnar. Samþykkt að Sigurjón Örn Arnarsson verði kosinn endurskoðandi.

1. Skýrsla stjórnar ásamt félagaskrá
2. Ákvörðun um árgjald
3. Ársreikningur
4. Lögð fram starfsáætlun næsta árs.
5. Kosning stjórnar og tveggja endurskoðenda
6. Önnur mál.

Samþykkt að gera breytingatillögu að lögum í samræmi við síðasta aðalfund og leggja fyrir næsta aðalfund. Rætt var um að halda næsta aðalfund 20. maí og greiða þar atkvæði um lagabreytinguna.

Hauki falið að auglýsa aðalfundinn og breytingar á lögum félagsins í samræmi við umræður á síðasta aðalfundi.

3. Upplýsingar um störf Markaðsstofu Suðurlands og Stjórnar VJÞ

Ágúst gerði grein fyrir því að lítil vinna hafi farið fram á vegum Markaðsstofu Suðurlands, en að það sé áætlaður staðar fundur á Selfossi n.k mánudag 11. Apríl . Ágúst gerði grein fyrir fundinum sem fram fór inn í Hoffelli, með ráðherra, stjórn og svæðisráðum, um var að ræða

kynningarfund fyrir Umhverfisstjórn og aðra stjórnarmenn VJP, stjórnar og annarra svæðisráða.

4. Upplýsingar um störf Svæðisráðs VJP - Suðursvæði

Laufey gerði grein fyrir sameiginlegum fundi og Umhverfisstjórn, stjórnar og svæðisráða. Gerði hún grein fyrir helstu umræðum svo sem aðstöðuleysi fyrir starfsmenn þjóðgarðsins, helst í húsnæðismálum, einnig að tilraunastarfsemi varðandi leyfisveitingar fyrir afmarkaðan rekstur og gjaldtöku innan þjóðgarðsins þyrfti að hafa tímamörk og endi þannig að jafnt gangi yfir alla aðila sem stunda atvinnustarfsemi innan þjóðgarðsins.

5. Fundur með ráðherra ferðamála 27 Apríl - Drög að dagskrá

Eftirfarandi drög að dagskrá voru lögð fram til kynningar.

- 10:00 ráðherra mæti
- 10:30 fundur með pólitík
- 12:00 Fundur og samtali á Smyrlabjörgum um menningu, kvikmyndir og ferðamál
- 13:00 hádegismatur á Smyrla og spjallið heldur áfram
- 14:00 Brunað á Jökulsárlón með stuttu stoppi á Hrollaugsstöðum þar sem að Þjóðgarðurinn verður aðalumnæðuefnið
- 17:00 Ráðherra fer heim
- Kvöldverður hjá stjórn FASK og RV og SVH

Rætt var um að undirbúa erindi fyrir fundinn til að hafa umræðuna markvissa og hnitmiðaða. Hauki falið að ræða við Þorkel Óskar og Árdísi um hvernig erindin verði uppbyggð. Að öðru leiti voru drögin að dagskrá samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál.

Rætt var um að aðilar hafi fengið mismunandi þjónustu á vegum úttektaraðila sem eru í VAKANUM, dæmi eru um ámælisverð vinnubrögð úttektaraðila. Forsvarsmenn fyrirtækja eru hvattir til að kynna sér vel mismunandi úttektaraðila VAKANS.

Rætt var um verkefnið Myndatökustaðir á Höfn - Ógleymanleg mynd á Höfn - Hauki falið að ræða við SVH um hvar málið er statt.

Fundi slitið 11:30